

## Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar

Undirrituð, gerum eftirfarandi athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi lóðanna við Lækjargötu 2 og Suðurgötu, í samræmi við 1. Mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem samþykkt var á fundi Skipulags- og bygginarráðs Hafnarfjarðar þann 09.02.2018.

### Athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi:


1.



Aftastaða: Gamla Dvergshús í samanburði við deiliskipulagstillögu

Gerð er athugasemd við færslu bygginga í austur og þar með þrengt að gangstétt og húsin færð alltof nálægt húsunum sem standa í Brekkugötunni.


2.



Útit Brekkugötu: Gamla Dvergshús í samanburði við deiliskipulagstillögu

Gerð er athugasemd við hækkun sjónlínu á mæni bygginganna eins og sjá má af teikningunni hér að ofan.

3.



Útlit Brekkugötu: Gamla Dvergshús í samanburði við deiliskipulagstillögu

Gerð er athugasemd á lokun útsýnis með byggingu 2e sem sett er niður á auðan reit og mun blokka útsýni til vesturs fyrir íbúa Brekkugötu og Lækjargötu og jafnframt eyðileggja útsýn vegfarenda um Suðurgötu, Lækjargötu, Strandgötu og Fjarðargötu, uppá Hamarinn og eina helstu heillegu götumynd húsa á Íslandi sem eru yfir 100 ára gömul.


4.



Útlit Suðurgötu: Gamla Dvergshús í samanburði við deiliskipulagstillögu

Gerð er athugasemd við byggingu húss 2a sem sett er niður, á því sem næst auðan reit miðað við fyrra skipulag, og mun blokka útsýni til vesturs fyrir íbúa Brekkugötu og Lækjargötu og jafnframt eyðileggja útsýn vegfarenda um Suðurgötu, Lækjargötu, Strandgötu og Fjarðargötu, uppá eina helstu heillegu götumynd húsa á Íslandi sem eru yfir 100 ára gömul.

5.



Gerð er athugasemd við að ekki sé leitast við að halda húshæð í samræmi við halla götu. Eðlilegast væri að halda götuhalla og leiðrétta þannig þau mistök þegar Dvergur var byggður.

## Almennt um tillöguna sem liggur fyrir.



- Efnisval í húsaklæðningum eins og þær eru sýndar eru mjög kuldalegar og í engu samræmi við hlýleika hinna eldri húsa. Skiptir þá engu þó þau séu með risi og að forminu eitthvað í átt að eldri húsunum.
  - Hlýleg klæðning t.d. með viði og torfi (líkt og er sýnd á raðhúsunum sem voru teiknuð á bakvið Gúttó) er skilyrði fyrir notalegri stemming þessa reits. Það er allt í lagi að vera með einhverskonar pósta í gluggum og þakskegg og ýmsar útfærslur til þó ekki sé alltaf reynt að skýrskota til gömlu timburhúsanna. Hlýleikinn verður að vera til staðar. Blanda af torfhleðslum, steinhleðslum og timburklæðningum (td lerki) myndi gefa hlýlegan svip.

Klæðningarnar á húsunum í vinningstillögunni er mjög kuldaleg og vona ég að okkur beri gæfa til að minnka stálið en auka viðarklæðningar og torf. Nýlega hafa verið byggð hús í gömlum svæðum (Bakvið Norðurbakkann) þar sem reynt er að nota litað eða ólitað bárujárn, póstalaus glugga, skyggislaus hús, stál áfellur án gerefta og hafa þau hús mjög kuldalegan blæ sem hæfir ekki hlýlegum Hamrinum og þeim húsunum sem þar eru í kring. Nátturustein, viður, torf í bland með hlýlegu máluðu bárujárninu verður vonandi það sem kemur í staðinn.

Með von um að Hafnfirðingum auðnist að gera þetta hlýlegt og notalegt svæði sem því miður hefur ekki tekist á ýmsum nýskipulögðum svæðum eins og Norðurbakkanum og með byggingu verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar á sínum tíma.

*Ebba Lárausdóttir*

Nafn:

Kennitala:

Ebba Júlíana Lárausdóttir  
Sævangi 31  
220 Hafnarfirði  
S: 555-0747  
GSM: 897-0188

070334-7719